

Fyrirspurn

til menningar- og viðskiptaráðherra um verklagsreglur Ríkisútvarpsins
um kynferðisbrot starfsfólks og verktaka.

Frá Gísla Rafni Ólafssyni.

- Hvaða verklag gildir um starfsfólk Ríkisútvarpsins þegar:
 - lögð er fram kæra um kynferðisbrot sem starfsfólk er sagt hafa framið,
 - birt er ákæra um kynferðisbrot sem starfsfólk er sagt hafa framið,
 - starfsfólk sem í hlut á hefur verið fundið sekt um kynferðisbrot?
- Hvaða verklag gildir um verktaka á vegum Ríkisútvarpsins þegar:
 - lögð er fram kæra um kynferðisbrot sem verktakinn eða starfsfólk verktakans er sagt hafa framið,
 - birt er ákæra um kynferðisbrot sem verktakinn eða starfsfólk verktakans er sagt hafa framið,
 - verktakinn eða starfsfólk verktakans hefur verið fundið sekt um kynferðisbrot?
- Eru ákvæði í verktakasamningum sem Ríkisútvarpið gerir sem lúta að kynferðisbrotum?

Skriflegt svar óskast.